

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 1354/2011 fyrir hundahald í Hveragerðisbæ.

1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 555/2007 um hundahald í Hveragerði skulu greiða gjöld sem hér segir:

Skráningargjald kr. 18.370

Árgjald fyrir hundaleyfi kr. 17.780

Árgjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga. Veittur er 25% afsláttur ef eigandi hunds hefur farið á námskeið í hundahaldi og 25% afsláttur til elli- og örorku-lífeyrisþega.

2. gr.

Breyting þessi er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 14. janúar 2016 með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 555/2007.

Hveragerði, 14. janúar 2016.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 21. janúar 2016